

## Hið mikla frelssstríð; frelsun kvenna, kynlífs, kyns og mannkyns: 1

(Hér kemur fyrir sjónir lesenda fyrsti þáttur af fjórum í þessari pistlaröð. Heimilda er getið í lok hvers þáttar.)

Í hinu mikla frelssstríði, sem hófst með frelsun kvenna frá körlum, tekur hver orrustan við af annarri. Kynfrelsunarorrustan stendur nú sem hæst undir gunnfána kynskipta (transsexual). Kynlífsfrelsunin, þ.e. viðleitni til að trufla eðlilegan kynþroska barna og kenna þeim kynlífsástundum frá unga aldri – einnig með fullorðnum – er í burðarliðnum (child og pedophile emancipation/liberation).

Lokafrelsunin, frelsun mannkyns, felst í samruna lífs og tölvu til mannlíkja (transhumanism) undir einni alheimsstjórn. Konan verður kvenlíki, sem losnað hefur undan oki náttúrunnar, barnsburði – og vitaskuld einnig undan oki karla. Fóstureyðingar verða óþarfar. [1]

Grundvallarhugmyndafræðina, inntak, stefnu og aðferðir, má lesa um í verkum kvenfrelsunarfræðimanna. Grundvallarhugsunin er sú að hverfa þurfi til goðsögulegs upphafs mannkyns, þar sem hin mikla móðir ríkti yfir kvennaparadís í sátt og samlyndi við móður jörð, Gaia. Karlkúgun eyðilagði þessa draumaveröld. Undirokunar karlsins gætir á öllum sviðum; í kynlífi og samskiptum almennt, í vísindum, viðhorfum til náttúru, tónlistar, tungumáls og svo framvegis.

Kvenfrelsarana dreymir um afturhvarf til ríkis Miklu móður í sátt við Gaia, þ.e. til skeiðs frumstæðs landbúnaðar. Kvenna- eða kvenfrelsunarfræði vísa veginn. Undirgreinarnar eru margar; kvenheimspeki, -samfélagsfræði, -umhverfisfræði, -tónfræði, -jöklafræði, -hagfræði, -stærðfræði, -eðlisfræði og -umhverfisfræði, svo dæmi séu tekin. Sú byltingarkennda frelsunarhugsun ræður för, að þekkingarfræði og vísindi hafi verið reðurmiðuð (phallogentric) og því ógild. [2]

Á Íslandi hefur t.d. verið ráðinn kvenumhverfishagfræðingur að Seðlabankanum og kvenjöklafræðingur hefur einnig ratað inn í náttúruverndarskrifræðið til leiðbeiningar „feðraveldinu.“ Jafnréttisstofa skipar einnig viðurhlutamikinn sess í þessu viðfangi.

Konur sigra í hverri orrustunni á fætur annarri í stríðinu gegn körlum. Það hefur verið yfirlýst stefna kvenfrelsara að gera litið úr hlutverki feðra, fjarlægja þá af heimilinum, yfirtaka hefðbundinn starfsvettvang þeirra, ýta þeim til hliðar í stjórnámálum, gelda þá og fækka þeim, bæði í móðurkviði og utan. [3]

Ofangreindir sigrar hafa unnist á heimavelli sem og á alþjóðavettvangi. Þeir endurspeglast í starfi og markmiðum alþjóðastofnanna eins og Evrópuráðinu,

Sameinuðu þjóðunum og fleiri. Sameinuðu þjóðirnar og Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) hafa sammælt um svokölluð sjálfbærnimarkmið, þar sem kvenfrelsunarhugmyndafræðin endurspeglar greinilega í öllu, sem lýtur að samskiptum kynjanna, nýtingu auðlinda, loftslagi, þróun mannkyns til mannlíkja (transhumanism) og samfélagsfyrirkomulagi. [4]

Bandarísku kvenfrelsararnir, Judith Butler (f. 1956) og Donna Haraway (f. 1944), eru meðal merkustu kvenfrelsunarfræðinga á nýöld, sem svo er kölluð. Þá er einkum átt við tímaskeiðið, eftir lok annarrar heimstyrjaldarinnar og þróun fræðilegrar hugsunar (postmodern, postmodernism). Aðalstefin í þessum fræðum er máttur hugans (subject) og vald. Fátt er fast í hendi. Flest er „á floti alls staðar,“ þ.e. hugtök og fyrirbæri af öllu tagi eins og kyn t.d. Völd yfir konum hrifsuðu karlar til sín í árdaga – sérstaklega hvítir karlar þó. Skrif beggja eru yfirleitt afar torræð.

Báðar byggja þær, Donna og Judith, á verkum Shulamith Firestone (1945-2012), nemandar franska heimspekingsins, Simone de Beauvoir (1908-1986). Á áttunda áratugi síðustu aldar sagði Shulamith í bók sinni, „Prætubók um kynin: Rökstuðningi fyrir kvenfrelsunarbyltingu“ (The Dialectic of Sex: The Case for Feminist Revolution) m.a.:

„Það verður ekki gengið milli bols og höfuðs á bandormi þrælkunarinnar, nema byltingin uppræti grundvallarstofnunina, hina náttúrulegu (biological) fjölskyldu, [því] hún getur [auðveldlega] orðið gróðrarstía andlegs valds.“ Hún lagði einnig hugmyndafræðileg drög að afnámi kyns.

Rétt um áratugi síðar tók landi Shulamith, heimspekingurinn, Judith Butler (f. 1956), við hugmyndafræðikeflinu. Judith er margverðlaunuð fyrir fræði sín, torskiljanlega texta. Hún á sér aðdáendur víða um heim – m.a. á Íslandi.

Geir Svanson (1957-2022), bókmenntafræðingur, skrifaði fyrir síðustu aldamót, fræðandi grein um Judith (sjá safnrítið. „Flögð og fögur skinn,“ ritstýrt af Jóni Proppé).

Við lestur og þýðingu á verkum Judith, þótti Geiri íslenskan sníða þessum merka hugsuði stakinn þröngan. Því „neyddist“ hann til að smíða ný orð. Eitt þeirra er „kyngervi,“ þar sem „kynferði“ rúmaði ekki hugsun Judith. „Kyngervi“ er nú orðið eitt af eftirlætisorðum kvenfrelsara.

Geir segir m.a. svo um „Judith-arfræði“: „Við sögu koma ýmsir kyngervisútlagar; dragdrottningar; kyn- og klæðskiptingar. Umræðan snýr einnig að samkynhneigðum og öllum þeim sem eru á skjön við forræði gagnkynhneigðra. Kvaðir þessarar

valdaformgerðar sem enginn samfélagsþegn getur virt að vettugi eru grundvallaðar á rammri eðlishyggju, tvíhyggju og tvenndarandstæðuhugsun sem skilyrðir allar birtingarmyndir kyngervis innan hins gagnkynhneigða kerfis.“ ...

Um kyngervisblöndun og kyngervisstælingu: „Kyngervisblöndun (gender blending) er regnhlífarhugtak yfir kyn- og klæðskipti og allar birtingarmyndir þessara fyrirbæra. ... Kyngervisskæling (gender blending) er notað um meðvitaða blöndun í þeim tilgangi að gera hefðbundna aðgreiningu kyngerva óljósa. Nýlega er farið að nota orðið „transgenderism“ fyrir pólitíska afstöðu sem felst í því að skæla kyngervi og hafna gagnkynhneigðri tvenndarskiptingu kyngerva.“ Og þar með hafna þeirri „pólitísku hugmyndafræði sem dylst á bakvið tvenndarkerfi kyngervis.“

Þessi dulda hugmyndafræði elur m.a. af sér kvenímynd, sem „fellur að öllu leyti að þeirri ímynd sem föðurveldi hinnar gagnkynhneigðu skyldu heldur að konum.“ Kyngervisskælingin og kyngervisblöndunin skapar „kyngervisútlaga“ (gender outlaw).

Ofangreint er inntak hinseginfræða: „Hinsegin fræði eru ekki eingöngu akademísk fræði heldur einnig hugarfar og pólitískt andóf sem stundað er utan háskóla. ... Með hinsegin fræðum er kannski kominn vettvangur þar sem samkynhneigðir, kynskiptihneigðir, konur, og aðrir sem eru hinsegin í gagnkynhneigðu skipulagi, geta unnið gegn útilokun og markað sér rými og réttlæti.“

Um bók Judith, „Kyngervisusla: Femínisma og niðurrif sjálfsmyndar (Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity), segir m.a.: „Þættar hún saman baráttustrengi samkynhneigðra, kvenna og þeirra sem eru á skjön við norm samfélagsins. Óvinurinn er sameiginlegur. Að baki fordómum og óréttlæti því sem téðir einstaklingar og hópar þurfa að þola gnæfir gagnkynhneigt forræði.“

Kyngervisusli er róttæk gagnrýni á ráðandi karlhyggju en líka á þá tegund eðlishyggju sem hefur valdið glundroða innan femínískra fræða. .... Í uslanum felast möguleikar á andófi gegn þeim grunnformgerðum gagnkynhneigðs forræðis sem einkum hyglist hvítum (kristnum) körlum.“

Og áfram gerir Geir grein fyrir Judith-arfræðum: „Kyngervi eru ekki náttúrleg heldur verða til í gjörningnum, um leið og þau eru „sögð“: Gjörningurinn framleiðir það sem átti að búa í „eðli“ kyngervisins. Til að staðfesta sig verða kyngervi að endurtaka sig í sífellu. En það er einmitt í endurtekningunni, eða endurtekningarferlinu, sem óstöðugleiki kyngerva kemur í ljós: hver ítrekun er aldrei nákvæmlega eins og sú á undan. Afbygging [niðurrif] kyngerva býr því í hjarta hins „upprunalega“ og kyngervi

eru því hvorki eðlileg né einungis tvö heldur áunnin og fjölmörg. Þau verða því að skoðast sem eftirlíkingar án upprunalegrar staðreyndar.“ ...

„Skyldubundin gagnkynhneigð skilgreinir sig út frá því sem er öðruvísi og sjúkt, þar sem samkynhneigð er gölluð eftirmynd hinnar upprunalegu gagnkynhneigðar. Butler bendir á að hið upprunalega byggi þannig á eftirmyndinni. Gagnkynhneigð eigi því ekki óskorðan rétt á upprunaleika og náttúrlegri tilvist þar sem hún þarfnist samkynhneigðar til að staðfesta tilvist sína. Sama gildi um allt sem setji sig í stöðu hins upprunalega. Tvenndarandstæðan sé því komin í uppnám og jafnframt gagnkynhneigt forræði.“

Svo skilmerkilega mælti Geir um fræði Judith Butler – og trauðla nokkru við að bæta.

[1] [https://en.wikipedia.org/wiki/List\\_of\\_pedophile\\_advocacy\\_organizations](https://en.wikipedia.org/wiki/List_of_pedophile_advocacy_organizations)

<https://www.ipce.info/>

<https://dailysceptic.org/2023/05/14/outrage-over-who-guidance-on-sexuality-for-infants/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/4/>

<https://www.visir.is/g/20201999956d/kyn-roskun-stulkna.-hin-nyja-modur-syki->

<https://stopworldcontrol.com/children/>

<https://rumble.com/v55y28s-lgbtq-leaders-sign-wef-treaty-to-accept-pedophiles-as-legally-protected-min.html>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/day/2021/11/8/>

[https://corbettreport.substack.com/p/trans-formers-psyops-in-disguise?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://corbettreport.substack.com/p/trans-formers-psyops-in-disguise?utm_source=substack&utm_medium=email)

[2] <https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2303879/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304053>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304054>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/month/2021/3/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2262039/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2302594/>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304082>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2263204/>

[3] <https://frettin.is/2023/04/04/sjuk-kvenfrelsun-kynbreytingaidnadurinn-redurofundin-og-ofbeldid/>

<https://www.visir.is/g/20191900819d/fostur-eydinga-for-saetis-rad-herrann>

<https://frettin.is/2022/12/12/kynofbeldisbyltingin-eda-sidaskiptin-i-framhaldsskolum-landsins/>

<https://www.visir.is/g/2019856643d/kven-veldis-a-varpid>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304058>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304057>

<https://www.visir.is/g/20191374068d/odur-til-fedra>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/?year=2021;month=7>

<https://www.visir.is/g/2019359291d/karland-ud-i-stjorn-malum-daegur-menningu-og-log-gjof>

<https://www.visir.is/g/2020542209d/hug-prudasta-hlinin-i-holly-vudd-rauda-pillan-og-stora-raudka>

[4] <https://kristinthormar.blog.is/blog/kristinthormar/entry/2301872/>

<https://expose-news.com/2024/03/24/gppp-is-a-scam-that-robs-the-poor-to-give-to-richest/>

<https://frettin.is/2022/12/14/kvennavernd-a-islandi-grevio-skyrslan-og-kvenfrelsunarkirkjan-2/>

<https://frettin.is/2022/12/17/kvennavernd-a-islandi-grevio-skyrslan-og-kvenfrelsunarkirkjan-annar-hluti/>